



Fundargerð

381. fundur í Sveitarstjórn Skaftárhrepps, haldinn í Kirkjuhvoli, Kirkjubæjarklaustri kl.13:00 föstudaginn 13.mars. 3. fundur ársins 2015.

Fundargerð er tölvuskráð af Ólafíu Jakobsdóttur og er 8 blaðsíður.

Fundurinn er hljóðritaður og verður hljóðritun geymd í tölvukerfi sveitarfélagsins.

Eva Björk Harðardóttir oddviti, býður fundarmenn velkomna.

Mættir undirritaðir sveitarstjórnarmenn

Heiða Guðný Ásgeirsdóttir boðaði forföll, í hennar stað mætir Jóna Björk Jónsdóttir

1. varamaður Z-lista.

Oddviti óskar eftir breytingu á dagskrá, að við málefnskrá bætist:

1. Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu:

13. Bréf frá N4 sjónvarpsstöð, dags. 26.01.2015, varðandi þátttöku í sýrpunni „Að Sunnan“

14. Viðræður við Vegagerðina varðandi viðhald vega og mokstur.

Dagskrárbreyting samþykkt.

Áður en gengið er til dagskrár er kynntur samstarfssamningur D og Z lista um meirihluta samstarf:

Sveitarstjórnarfulltrúar D og Z lista gera samning um meirihluta samstarf í sveitarstjórn Skaftárhrepps frá 13.febrúar 2015 kjörtímabilið 2014-2018.

Markmið D og Z er að vinna sameiginlega að því að efla grunnþjónustu og bæta búsetuskilyrði í sveitarfélaginu. Leitast skal við að gera stjórnarsýsluna opnari og skilvirkari. Leitast verður við að ná samstöðu innan samfélagsins og styðja við atvinnustarfsemi sveitarfélagsins og nýsköpun. Þessum markmiðum hyggjast Z og D listarnir meðal annars ná með því að leggja áherslu á eftirtalin málefni:

*Vinna að áætlun varðandi lagningu ljósleiðara og þriggja fasa rafmagns á öll lögheimili í Skaftárhreppi í samvinnu við stjórnvöld og hagsmunaaðila með því markmiði að kostnaði verði ekki velt á heimilin í sveitarfélaginu.

*Leita að lausn á málefnum Þekkingarseturs í samstarfi við ríkisvaldið, stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs, Errósetur og annarra sem að málinu hafa komið.

*Málefnum verði vísað til viðeigandi nefnda og unnið áfram með ályktanir þeirra og fundargerðir.

*Báðir listar ræði þau mál sem upp koma opinskátt og bóki það sem að efninu viðkemur.

*Unnið verði að því að efla ímynd og sérstöðu í umhverfis- og náttúruverndarmálum og áhersla verður á sjálfbærni og verndun órofinna landslagsheilda.



Dagskrá

I. Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu.

1. Tilboð frá Intellecta ráðningarþjónustu í utanumhald á ráðningu nýs sveitarstjóra Skaftárhrepps. dagsett 11.02.2015.
*Ákveðið hefur verið að taka tilboði ráðningarfyrirtækisins Intellecta varðandi það að auglýsa og halda utan um ráðningarferli nýs sveitarstjóra Skaftárhrepps. Verð fyrir þá þjónustu er kr 330.000 skv. tilboði fyrir utan auglýsingar.
Meiri hluti sveitarstjórnar (EBH, BG og JBJ) staðfestir fyrri samþykkt sem var staðfest með tölvupósti þann 18. febrúar sl. Fulltrúar Ó lista (GII og JG sitja hjá)*
2. Viðauki við fjárhagsáætlun 2015, Intellecta ráðningarfyrirtæki

Viðauki 2 við fjárhagsáætlun Skaftárhrepps 2015

Intellecta	330.000
Auglýsingar	327.230

N4 „Að Sunnan“ 250.000 (Friður og frumkraftar + Kirkjubæjarstofa + einkaaðilar kosta kr 250.000.-)

Jóhannes Gissurarson gerir athugasemd við að tillaga um fjármögnun þessara kostnaðarliða komi ekki fram í útsendum fundargögnum. Eva Björk Harðardóttir oddviti leggur til að lið 2; Viðauka við fjárhagsáætlun 2015 verði frestað til næsta fundar. Samþykkt af sveitarstjórn.

3. Ráðning oddvita í tímabundið starf til að sinna hluta af störfum sveitarstjóra.
Eva Björk Harðardóttir vísar af fundi vegna vanhæfis. Guðmundur Ingi Ingason varaoddviti tekur við stjórn fundarins. Varamaður D lista: Bjarni Bjarnason tekur sæti á fundinum.

Ó listinn leggur fram bókun: „Þar sem nú er í gangi vinna við greinargerð vegna stefnu Veiðifélags Grenlækjar og Geila ehf á hendur sveitarfélagsins og oddviti hefur lýst sig vanhæfa vegna fjölskyldutengsla í þessu mikilvæga hagsmunamáli, leggjumst við gegn ráðningu oddvita í 50% tímabundna stöðu sveitarstjóra Skaftárhrepps“.

Meiri hluti sveitarstjórnar (BB, BVG, JBJ) samþykkir að oddviti sinni tímabundið daglegum rekstri sveitarfélagsins. Gildir þessi ákvörðun þar til nýr sveitarstjóri tekur til starfa. Fulltrúar Ó lista (GII, JG) greiða atkvæði gegn tímabundinni ráðningu oddvita. Bjarni Bjarnason D lista vísar af fundi. Eva Björk Harðardóttir oddviti tekur aftur sæti á fundinum

4. Breyting í nefndum.
Skv. beiðni Ó lista biðst hann undan eftirtöldum embættum á vegum sveitarstjórnar: Varaoddviti, formaður Íþróttá og tómsfundanefndar, formaður skipulagsnefndar, formaður jafnréttisnefndar, varaformaður fræðslunefndar og varaformaður umhverfis og náttúruverndarnefndar.



Bókun D og Z

Við hörmum þá ákvörðun Ó lista að kjósa að vinna ekki áfram að þeim málefnum sem farið var af stað með í upphafi kjörtímabilsins en ákveða í stað þess að láta starf sveitarstjóra ráða úrslitum um áframhaldandi samstarf allra listanna þriggja.

D og Z listi gera svofellda tillögu að skipun í þessi embætti:

1. Varaoddviti: Heiða Guðný Ásgeirsdóttir(Z)

Samþykkt af meirihluta (EBH. BVG. JBJ) Fulltrúar Ó lista (GII og JG) sitja hjá

2. Íþróttá – og æskulýðsnefnd: Formaður: Bjarni Bjarnason (D)

Varaformaður: Arnhildur Helgadóttir (Z)

Samþykkt af meirihluta (EBH. BVG. JBJ) Fulltrúar Ó lista (GII og JG) sitja hjá

3. Skipulagsnefnd: Formaður: Kristbjörg Hilmarsdóttir(Z)

Samþykkt af meirihluta (EBH. BVG. JBJ) Fulltrúar Ó lista (GII og JG) sitja hjá

4. Umhverfis- og náttúrverndarnefnd: Varaformaður: Ágúst Leo Sveinsson(D)

Samþykkt af meirihluta (EBH. BVG. JBJ) Fulltrúar Ó lista (GII og JG) sitja hjá

5. Jafnréttisnefnd: Formaður: Anna Sigríður Bjarnadóttir (Z)

Varaformaður: Bjarki Guðnason (D)

Samþykkt af meirihluta (EBH. BVG. JBJ) Fulltrúar Ó lista (GII og JG) sitja hjá

5. Fræðslunefnd: Varaformaður: Arndís Harðardóttir (Z)

Samþykkt af meirihluta (EBH. BVG. JBJ) Fulltrúar Ó lista (GII og JG) sitja hjá

6. Stjórn Náttúrustofu Suðausturlands: Varamaður: Þorbjörg Ása Jónsdóttir

Samþykkt af meirihluta (EBH. BVG. JBJ) Fulltrúar Ó lista (GII og JG) sitja hjá

7. Varafulltrúi á Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga: Nýr varaoddviti, Heiða Guðný Ásgeirsdóttir.

Samþykkt af meirihluta (EBH. BVG. JBJ) Fulltrúar Ó lista (GII og JG) sitja hjá

Einnig leggja fulltrúar D og Z lista til að skipaðir verði tveir fulltrúar og tveir til vara í sameiginlega svæðisskipulagsnefnd Skaftárhrepps, Rangárþings eystra og Rangárþings ytra í samræmi við 9.gr.skipulagslaga nr 123/2010.

Eftirtaldir aðilar verði skipaðir frá Skaftárhreppi í nefndina: Kristbjörg Hilmarsdóttir (Z) og Bjarki Guðnason (D) Til vara: Davíð Andri Agnarsson (D) og Þuríður Helga Benediktsdóttir (Z)

Samþykkt af meirihluta (EBH. BVG. JBJ) Fulltrúar Ó lista (GII og JG) sitja hjá

5. Fyrirspurn Ó lista vegna slita á samstarfs samkomulagi sveitarstjórnar. Bréf dags. 9.mars 2015.



„Vegna mikils þrýstings frá íbúum og þeirrar erfiðu stöðu sem komin er upp í samfélaginu óskum við eftir að sveitarstjórn taki erindi okkar til umræðu og afgreiðslu á næsta fundi sveitarstjórnar þann 13.mars.

Mikið hefur mætt á fulltrúum Ó-lista eftir síðasta sveitarstjórnarfund þar sem íbúar Skaftárhrepps hafa leitað til okkar um ástæður á slitum á ráðningasamningi við sveitarstjóra. Þær mögulegu ástæður sem við getum veitt, sem fram komu í tengslum við skoðun á veitingu áminningar, eru svo lítilvægar að þær geta ekki talist gild ástæða fyrir uppsögn.

Tíðrætt hefur verið, af sveitarstjórnarfulltrúum bæði fyrir og eftir síðustu kosningar, um opna stjórnsýslu og gagnsæi í vinnubrögðum. Teljum við að þau vinnubrögð sem fulltrúar D og Z lista sýna nú, engan vegin samrýmast þeirri virðingu og ábyrgð sem sveitarstjórnarfulltrúar hafa tekið sér á hendur við stjórn sveitarfélagsins.

Vísun við í því samhengi til nýsamþykkttra og undirritaðra Siðareglna kjörinna fulltrúa hjá sveitarfélaginu Skaftárhreppi. Þar segir í 2. grein: "Kjörnir fulltrúar hafa ávallt í heiðri grundvallarreglur góðrar stjórnsýslu í störfum sínum, þ.m.t. gagnsæja og upplýsta ákvarðanatöku, og framkvæma ekkert það sem er til þess fallið að vekja grunsemdir um að annað en lögmæt og málefnaleg sjónarmið ráði för við stjórn sveitarfélagsins. [...] Í störfum sínum skulu kjörnir fulltrúar koma fram af drengskap og háttvísi og sýna hver öðrum, íbúum, viðskiptavinum, samstarfsaðilum og starfsmönnum fulla virðingu í ræðu, riti og framkomu. Kjörnir fulltrúar skulu gæta þess að framkoma þeirra og athafnir samrýmist starfi þeirra og þeir forðist að aðhafast nokkuð sem gæti orðið þeim eða sveitarfélaginu til vanvirðu og álitshnekkis."

Í ljósi þess sem að framan greinir og einnig þess að í fullu gildi var samstarfssamkomulag á milli allra sveitarstjórnarmanna frá sl. sumri, lítum við svo á að um alvarlegan trúnaðarrest innan sveitarstjórnar sé að ræða. Því verða fulltrúar D- og Z-lista að gefa viðhlítandi skýringar á sínum gjörðum. Ekki einungis til okkar fulltrúa Ó-lista, heldur og miklu frekar til allra íbúa Skaftárhrepps sem eiga skýlausan rétt á því að vita hverjar raunverulegar ástæður slita á ráðningarsamningi við sveitarstjóra eru.

Því óskum við eftir svörum við eftirfarandi spurningum og að erindið allt sem og spurningarnar og svör við þeim verði bókuð í fundargerð sveitarstjórnar.

A) Hvaða málefnalegu ástæður höfðu fulltrúar D- og Z- lista fyrir þeirri einhliða ákvörðun sinni að ljúka ráðningasambandi við sveitarstjóra, án samráðs við fulltrúa Ó- lista?

B) Höfðu fulltrúar D- og Z- lista stuðning sinna lista fyrir þessari ákvörðun sinni?

C) Hvað má áætla að þessi ákvörðun D- og Z- lista muni kosta sveitarfélagið fjárhagslega?

F.h. Ó- lista

Guðmundur Ingi Ingason og
Jóhannes Gissurarson.

Bókun D og Z lista:

D og Z listar vísa bug ávirðingum, að hafa brotið siðareglur Skaftárhrepps í störfum sínum, heldur hafa þvert á móti ávallt haft þær að leiðarljósi. Lögð hefur verið áhersla á að sýna drengskap og háttvísi í ræðu, riti og framkomu.



A) Spurning: Hvaða málefnalegu ástæður höfðu fulltrúar D og Z lista fyrir þeirri einhliða ákvörðun sinni að ljúka ráðningasambandi við sveitarstjóra, án samráðs við fulltrúa Ó lista?

Bókun D og Z lista:

Fulltrúum Ó- lista er fullkunnugt um aðdraganda þess sem leiddi til starfsloka sveitarstjóra og vísa á bug öllum getgátum sem virðast vera settar fram til þess eins að ala á ófriði og gera starfslok sveitarstjóra tortryggileg í augum íbúa sveitarfélagsins.

Að öðru leiti vísa D- og Z listar í bókun sína sem og bókun fráfarandi sveitarstjóra sem lagðar voru fram á síðasta sveitarstjórnarfundi þann 12.febrúar s.l..

B) Spurning: Höfðu fulltrúar D og Z lista stuðning sinna lista fyrir þessari ákvörðun sinni?

Bókun D og Z lista:

Fulltrúar Ó- lista geta verið fullvissir um að á D og Z lista ríkja lýðræðisleg vinnubrögð. Því til viðbótar má benda á að skv 28. gr sveitarstjórnarlaga eru sveitarstjórnarmenn einungis bundnir að lögum og samvisku sinni.

Bókun Z lista:

Mikill meirihluti Z listans studdi þessa ákvörðun.

C) Spurning Ó lista: Hvað má áætla að þessi ákvörðun D og Z lista muni kosta sveitarfélagið fjárhagslega:

Bókun D og Z lista:

Vísað er í starfslokasamning sveitarstjóra sem var lagður fram og staðfestur á síðasta sveitarstjórnarfundi.

„Samningur um Starfslok

Oddviti, Eva Björk Harðardóttir fh. Skaftárhrepps og sveitarstjóri, Eygló Kristjánsdóttir gera hér með samning um starfslok Eyglóar í starfi sveitarstjóra Skaftárhrepps. Ástæður starfsloka eru trúnaðarrestur er milli meirihluta sveitarstjórnar og sveitarstjóra. Eygló mun vinna út febrúarmánuð og hefur svo þriggja mánaða uppsagnarfrest.“

Undir hann skrifar Eva Björk Harðardóttir og Eygló Kristjánsdóttir.

Að auki bætist við þóknun til

Intellecta ráðningarþjónustu og auglýsingakostnaðar.

Fulltrúar Ó lista óska eftir fundarhléi og leggja í framhaldi af því eftirfarandi bókun:

„Þessi umræða hér á fundi sveitarstjórnar ásamt bókuðum svörum meirihlutans við spurningum okkar varðandi þessa ákvörðun teljum við engan veginn fullnægjandi. Því teljum við mjög mikilvægt samfélagsins vegna að sveitarstjórn haldi íbúafund um málið þar sem íbúum gefist færi á að koma sínum sjónarmiðum á framfæri“.

6. Beiðni frá Félagi eldri borgara í Skaftárhreppi varðandi ferðastyrk upp á kr 100.000.- dags. 15.des.2014.

Sveitarstjórn samþykkir beiðnina og verður styrkurinn til lækkunar á lið 0242,



Tómstundastarf aldraðra.

7. Beiðni frá Önnu Gyðu Gunnlaugsdóttur, hjúkrunarforstjóra varðandi framlengingu á yfirdráttarheimild fyrir hjúkrunarheimilið Klausturhóla dags. 25. feb. 2015.
Sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkir að ábyrgjast yfirdráttarheimild fyrir hjúkrunarheimilið Klausturhóla að upphæð 5.000.000, fimm milljónir, til eins árs.

8. Eftirlitsskýrsla frá Umhverfisstofnun varðandi urðun sorps á Stjórnarsandi. Bréf dags.20.feb.2015.
Sveitarstjórn lýsir yfir áhyggjum sínum vegna þeirra athugasemda sem fram koma í skýrslunni og vísar henni til umsagnar í Umhverfis og náttúruverndarnefnd og til áframhaldandi vinnu með þennan málaflökk.

9. Gjaldskrár Skaftárhrepps.
*Sveitarstjórn hefur fengið athugasemdir varðandi aðgengi að gjaldskrár, umsóknareyðublöðum og reglum varðandi úthlutun á húsnæði.
Sveitarstjórn ákveður að fela oddvita að skoða uppfærslu á gjaldskrár og reglum og gera þær eins aðgengilegar og kostur er fyrir íbúa.*

10. Samningur við Frið og Frumkrafta.
*Um er að ræða samning við Frið og Frumkrafta sem fyrrverandi sveitarstjóri skrifar undir fyrir hönd Skaftárhrepps og bíður staðfestingar sveitarstjórnar.
Sveitarstjórn staðfestir samninginn og felur oddvita að koma honum til framkvæmdarstjóra Friðar og frumkrafta. Vísað er í Fjárhagsáætlun 2015 Atvinnumál Lið 1305, Friður og Frumkraftar Framlag til samstarfsverkefna 1.5 milljón. Lið 1362, Græni bæklingur 700 þúsund. Vísað í lið 1303 Fjaðrárgljúfur 1,5 milljón í rekstur salernis.*

11. Styrkumsókn Rögnu Bjarnason vegna menningartengds verkefni „Söngur Vættanna“ dags. 25. feb.2015. *Sveitarstjórn getur ekki orðið við erindinu að þess sinni.*

12. Endurnýjun rekstrarleyfis; Bær hf.
Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við erindið.

13. Bréf frá N4 sjónvarpsstöð, dags. 26.01.2015, varðandi þátttöku í sýrpunni „Að Sunnan“
Samþykkt að greiða helming upphæðar með fyrirvara um afgreiðslu viðauka við fjárhagsáætlun 2015 sem frestað er til næsta fundar sveitarstjórnar

14. Viðræður við vegagerð varðandi viðhald vega og mokstur.
Sveitarstjórn samþykkir að heimila oddvita að óska eftir viðræðum við Vegagerðina.

II. Fundargerðir til samþykktar.

1. 61. fundur Ípróttá og æskulýðsnefndar 17. desember 2014
Fundargerðin samþykkt.



2. 103. fundur rekstrarnenfdar Klausturhóla. 24.febrúar 2015.
Fundargerðin samþykkt.
3. 4. fundur atvinnumálanefndar 12. febrúar 2015.
Fundargerðin samþykkt.

III. Fundargerðir til kynningar.

1. 23. fundur félagsmálanefndar 16. febrúar 2015
Fundargerðin kynnt.
2. 162. fundur Heilbrigðisnefndar Suðurlands 13.febrúar 2015
Fundargerðin kynnt.
3. 825. fundur Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 16. febrúar 2015.
Fundargerðin kynnt.
4. Stjórnarfundur Friðar og frumkrafta 13. febrúar 2015.
Fundargerðin kynnt.

IV. Annað kynningarefni.

1. Tilkynning frá Póst og Fjarskiptastofnun vegna beiðni Íslandspósts um lokun póstafréiðslu á Kirkjubæjarklaustri dagsett 20. febrúar 2015.
- (2. Bréf frá EBÍ dagsett 12.febrúar 2015.
3. Bréf frá Innanríkisráðuneyti, upplýsingar um úthlutanir og uppgjör framlaga úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. dagsett 26.febrúar 2015.) Liður 2 og 3 verður til kynningar á næsta sveitarstjórnarfundum.
4. Kynning á endurnýjun sýningar í Skaftárstofu.
5. Virkjum hæfileikana, Samstarfsverkefni Vinnumálastofnunar, Öryrkjabandalags Íslands og Landssamtakanna Þroskahjálp. Bréf dagsett 25. febrúar 2015



V. Samþykkt fundargerðar / Fundarslit

Fundargerð lesin upp, samþykkt og árituð. Fundi slitið kl.

Næsti fundur boðaður með dagskrá miðvikudaginn 15. apríl 2015 kl. 13:00.

Eva Björk Harðardóttir.

Guðmundur Ingi Ingason.

Jóna Björk Jónsdóttir.

Jóhannes Gissurarson.

Bjarki V. Guðnason.